

3.tbl.

24. jan. 2024

31 árg.

Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386



Þorvablót Eflingar

BREIÐUMÝRI



FEBRÚAR

HEFST KLUKKAN 20.30 - HÚSIÐ OPNAR 19:45
HLJÓMSVEITIN ÁSTARPUNGARNIR LEIKUR FYRIR DANSI
MIÐAVERÐ 4.500 KR. - POSI VERÐUR Á STAÐNUM

SKRÁNINGU LÝKUR KLUKKAN 20. FIMMTUDAGINN 1.
FEBRÚAR

AGNES - 862-1500

EINIR - 894-9669

VALDÍS - VALDISIN@GMAIL.COM

HLÖKKUM TIL AÐ SJÁ YKKUR !



Sandabrot – Breyting á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023

Skipulagsnefnd samþykkti þann 17. janúar 2024 að kynna breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, vegna nýs verslunar- og þjónustusvæðis í Sandabrotum.

Hægt er að kynna sér vinnslutillögu breytingarinnar í skipulagsgátt, www.skipulagsgatt.is mál nr. 796/2023 eða gegnum heimasíðu sveitarfélagsins.

Frestur til að gera athugasemdir er til 8. febrúar nk.

Skipulagsfulltrúi



Þingeyjarsveit

Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2023-2043

Kynning tillögu á vinnslustigi – framlengdur kynningartími

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti þann 30. nóvember 2023 að vinnslutillaga nýs aðalskipulags Þingeyjarsveitar skyldi kynnt fyrir íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Kynningarferlið hófst 20. desember sl. Greinargerð, uppdrætti og umhverfisskýrslu er að finna í skipulagsgátt: www.skipulagsgatt.is undir máli nr. 881/2023, á heimasíðu sveitarfélagsins: www.thingeyjarsveit.is og á sérstöku vefsvæði: <https://thing.alta.is/>

Landeigendur eru hvattir til að skoða sitt land í vinnslutillögunni.

Frestur til að gera athugasemdir við vinnslutillöguna hefur verið framlengdur og er nú til 5. febrúar n.k.

Skipulagsfulltrúi

SUMARSTARF Í ÞINGEYJARSVEIT



SUMARSTARF HJÁ ÁHALDAHÚSI ÞINGEYJARSVEITAR

Áhaldahús Þingeyjarsveitar auglýsir eftir starfsmanni til sumarstarfa. Um er að ræða 100% starf við skemmilega útivinnu á tímabilinu 16. maí til 1. september 2024 eða eftir nánara samkomulagi.

HELSTU VERKEFNI:

- Sláttur
- Gróðursetning
- Umhirða gróðursvæða
- Illgresishreinsun
- Önnur tilfallandi verkefni sem yfirmaður felur starfsmanni

Hæfniskröfur:

Leitað er að starfsfólki 18 ára og eldra sem hefur áhuga á útivinnu. Viðkomandi þarf að vera stundvís og hafa jákvætt viðhorf til vinnunnar. Kostur er ef viðkomandi hefur bílpróf.

Laun og ráðningarkjör fara eftir kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Æskilegt er að starfsmaður geti hafið störf eigi síðar en 16. maí 2024 eða eftir samkomulagi.

Nánari upplýsingar gefur Ingimar Ingimarsson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs Þingeyjarsveitar í síma 512-1800 eða í tölvupósti ingimar@thingeyjarsveit.is

Umsóknarfrestur er til 28. febrúar og skal senda umsóknir á netfangið ingimar@thingeyjarsveit.is ásamt ferilskrá og kynningarbréfi.

Öll kyn eru hvött til þess að sækja um. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

ATVINNA Í ÞINGEYJARSVEIT



VILT ÞÚ VINNA VIÐ FJÓLBREYTT
OG SKEMMTILEGT STARF Í NÝJU
SVEITARFÉLAGI?

STARF VIÐ ÁHALDAHÚS ÞINGEYJARSVEITAR

Þingeyjarsveit óskar eftir starfsmanni í áhaldahús sveitarfélagsins. Um er ræða 100% starf við fjölbreytt verkefni sem snúa að fasteignaumsjón, áhaldahúsi og umhverfismálum. Helstu verkefni eru almenn viðhalds- og þjónustuverkefni tengd fasteignum sveitarfélagsins og umhverfi þeirra ásamt ýmsum verklegum framkvæmdum eftir fyrirælum yfirmanns.

HÆFNISKRÖFUR:

- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum skilyrði
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Geta til að vinna í teymi
- Ökuréttindi skilyrði
- Vinnuvélaréttindi æskileg
- Iðnmenntun sem nýtist í starfi æskileg
- Reynsla af sambærilegu starfi æskileg
- Aukin ökuréttindi kostur

Laun og ráðningarkjör fara eftir kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf eigi síðar en 1. mars 2024 eða eftir samkomulagi.

Nánari upplýsingar gefur Ingimar Ingimarsson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs Þingeyjarsveitar í síma 512-1800 eða í tölvupósti ingimar@thingeyjarsveit.is

Umsóknarfrestur er til 10. febrúar og skal senda umsóknir á netfangið ingimar@thingeyjarsveit.is ásamt ferilskrá og kynningarbréfi.

Öll kyn eru hvött til þess að sækja um. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Hlaupastelpan

er gefin út á miðvikudögum, velflestar vikur ársins,
Auglýsingum þarf að skila á **mánudögum fyrir kl. 15:00.**

Ath ! Verðskrá

Verðskrá:

Hálfsíðuauglýsing	kr. 4.600.- m.vsk
heilsíðuauglýsing	kr. 6.620.- m.vsk.

Auglýsingar skal senda á netfangið hlaupastelpan@isl.is
Allar nánari upplýsingar er hægt að fá í síma 8953386.
Hlaupastelpunar er að finna á heimasíðu Þingeyjarsveitar
<https://www.thingeyjarsveit.is/is/hlaupastelpan>

Dagný Pétursdóttir 8953386



Hlaupastelpan /Nýir tímar

er gefin út á miðvikudögum, velflestar vikur ársins,
Auglýsingum þarf að skila á **mánudögum fyrir kl. 15:00.**

Varðandi útgáfu 2024

Prentuð verða út nokkur eintök og látin liggja frammi í Dalakofanum og eins verður látið liggja frammi á opnu húsi eldri borgara í sveitarfélaginu eins og við verður komið og einnig í Samkaup í Mývatnssveit.

Hlaupastelpan verður vistuð sem áður á heimasíðu Þingeyjar-sveitar þar sem þau hafa í gegnum árin verið mér hlíðholl að lofa mér að vista hana þar inni.

Frá og með 1. janúar 2024 ætla ég að bjóða upp á að senda þeim sem vilja Hlaupastelpuna á pdf formi í tölvupósti . Til þess að skrá sig á lista þar þá ætla ég að biðja ykkur að senda mér beiðni í tölvupósti á netfangið

hlaupastelpan2024@gmail.com

Með kveðju Dagný og co

Frá kvenfélagi Ljósvetninga.

Kvenfélag Ljósvetninga býður eldri borgurum á starfssvæði sínu í fót snyrtingu hjá Önnu Geirlaugu dagana 22 janúar- 14 febrúar.

Anna er með fót snyrtingu í Seiglu út þennan mánuð, en ekki alveg komið á hreint hvar hún verður eftir mánaðarmót lætur vita þegar pantaður er tími.

Anna er með opið:

Miðvikudaga 14-19

Fimmtudaga 10-17

Föstudaga 10-17



Best er að hver og einn panti fyrir sig hjá Önnu Geirlaugu í síma 8613154

